

1. Þar sem ljóst er að náíð samneyti er í fjölskyldum eiga þá fjölskyldur nema í sóttkví einnig að vera í sóttkví í þennan tilgreinda tíma?

Ef viðkomandi nemandi eða starfsmaður er ekki með einkenni en þarf að vera í sóttkví þurfa fjölskyldumeðlimir ekki að vera í sóttkví nema þeir hafi sjálfir umgengist smitaðan einstakling. Mikilvægt er þó að huga vel að sóttvörnum á heimilinu og minnka nán samskipti eins og kostur er.

Sjá [leiðbeiningar fyrir einstaklinga í sóttkví](#).

Ef einstaklingur sem hefur verið útsettur fyrir smiti fær einkenni á meðan á sóttkví stendur er brýnt að viðkomandi hafi samband við sína heilsugæslustöð eða vaksíma 1700 og fái ráðgjöf.

2. Ef fjölskyldumeðlimur er kennari í öðrum skóla eða starfar á fjölmönnum vinnustað í nánu samneyti við aðra á sá hinn sami að mæta til vinnu?

Ef einhver í fjölskyldu kennara er í sóttkví, en ekki með einkenni, getur viðkomandi kennari haldið áfram sínum störfum. Ef sá sem er í sóttkví fær einkenni fer hann í einangrun og eiga aðrir sem hafa verið á heimilinu að fara í sóttkví.

3. Eru kvef, hósti, hálsbólga, hausverkur og slappleiki (þetta íslenska kvef) án hita og beinverkja tilefni til þess að nemi/kennari í sóttkví fari í sýnatöku fyrir COVID-19?

Já, þegar vitað er um útsetningu fyrir kórónaveirusmiti eru öll öndunarfæraeinkenni grunsamleg og kalla á sóttkví annarra á heimilinu.

4. Eiga systkini nema í sóttkví að sækja áfram sína skóla?

Á meðan sá sem er í sóttkví hefur engin einkenni er öðru heimilisfólki sem ekki hefur sjálft umgengist einstaklinga með COVID-19 sjúkdóm óhætt að sækja sinn skóla/vinnu. Mikilvægt er þó að huga að sóttvörnum, sýna varkárni og ef grunur vaknar um einkenni hjá þeim sem er í sóttkví skal leita ráðgjafar í síma 1700 eða á heilsugæslu.

5. Ef einstaklingar setja sig og fjölskyldu sína í sjálfskipaða sóttkví. Hvernig er vottorðum háttað þess efnis? Hvort sem að það séu tilmæli frá sóttvarnalækni vegna gruns um smit eða frá lækni vegna undirliggjandi sjúkdóma?

Ef fólk er að koma af áhættusvæði og fer þess vegna af sjálfsdáðum í sóttkví þá getur það skráð sig hjá heilsugæslunni og getur fengið staðfestingu á að það sé viðeigandi ráðstöfun frá sóttvarnalækni. Ef fólk telur sig hafa áhættuþætti og kys að fara í „öfuga sóttkví“ sjálft án aðkomu læknis er hægt að biðja það um að athuga með vottorð en það getur tekið tíma að fá það. Ef fólk er ráðlagt af sínum lækni að fara í „öfuga sóttkví“ hefur verið mælt með að gefið sé út vottorð.

Ef það er ekki viðkomandi einstaklingur sjálfur heldur fjölskyldumeðlimur sem er viðkvæmur þá er erfitt að gefa út vottorð.

Þegar smit er útbreitt og viðkvæmir einstaklingar þurfa að fara mjög varlega er sennilega æskilegt að skólarnir séu sveigjanlegir og geri það sem hægt er til að börnin geti stundað sitt nám sem best að heiman, þótt skólinn sé ekki lokaður.